

113

9. des.

KONUNGSBRÉF

um þingsuppsögn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hérmeð veita yður sem Vorum forsætis-
ráðherra umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það
hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Gjört á Amaliuborg þann 9. desember 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

114

9. des.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þaræð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér sam-
kvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga,
að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kærú og trúú þegnum, að hans konung-
lega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg
tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum
heim aftur.

Gjört í Esbjerg, 9. desember 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.